



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**1. Sjálfstætt starfandi leikskólar – hækkun á afleiddum kostnaði.**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 116.600 þ.kr. vegna greiðslu til sjálfstætt starfandi leikskóla. kostn.st. 09126, launa- og starfsm.kostn.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-116.600
SFS	xxx	Sjálfstætt starfandi leikskólar - kostn	Til	116.600
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Nýgerðir kjarasamningar við starfsmenn leikskóla hjá nokkrum stéttarfélögum auk hagvaxtarauka hafa afleidd áhrif á sjálfstætt starfandi leikskóla, sem fá framlög með sambærilegum hætti og borgin greiðir með börnum í borgarreknum leikskólum.

2. Innri leiga fasteigna, áhaldna og tækja og leiga gatna

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 354.855 þ.kr. vegna innri leigu. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð eða 354.855 þ.kr. Fjárhæð er með fyrirvara um endanlega niðurstöðu innri leigu.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Tekjur	-354.855
FAS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	3.095
ITR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	57.372
MOF	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	24.832
ÖNN	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-3.550
RHS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	299
SFS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	207.808
USKRK	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	13.250
VEL	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	23.645
ÞON	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	25.761
ESR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	82
USKES	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	2.260
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2022 var gert ráð fyrir 5,8% hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar innan ársins og tóku fjárheimildir sviða mið af því eins og leikreglur gera ráð fyrir. Vísitalan hefur hins vegar hækkað um 7,6% innan ársins 2022. Lagt er til að sviðin fái fjárheimildir til að mæta þessari hækkun verðlags umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Á móti eru tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð og því hefur tillagan ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu né fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri